

Alþingi  
Erindi nr. P 138/228/  
komudagur 17.5.2010



Alþingi  
Samgöngunefnd,  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Garðabæ, 14. maí 2010  
Tilvísun: 2010050018/000.2

**Efni: Samgönguáætlun fyrir árin 2009-2012**

Á fundi bæjarráðs Garðabæjar þann 11. maí sl. var tekið fyrir bréf samgöngunefndar Alþingis varðandi tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2009-2012, dags. 3. maí 2010.

Farið var yfir tillögur um fjárveitingar til vegframkvæmda í Garðabæ en um er að ræða eftirfarandi verkefni:

Gatnamót við Vífilsstaðaveg og Hafnarfjarðarveg	400 mkr á árið 2011
Armanesvegur austan Reykjanesbrautar	500 mkr á árið 2012
Álftanesvegur	1150 mkr á árunum 2011 og 2012


Bæjarráð lýsir ánægju með fyrirbyggjandi fjárveitingu til þessara verkefna.

Á árinu 2009 hófust framkvæmdir við nýjan Álftanesveg og veitti bæjarstjórn leyfi til framkvæmda í mars það ár. Vegagerðin frestað síðan framkvæmdum og kann að vera að framkvæmdaleyfi sé fallið niður þar sem framkvæmdir voru ekki hafnar innan Garðabæjar innan 12 mánaða frá útgáfu þess.

Hvað varðar fjárveitingu til framkvæmda við gatnamót Hafnarfjarðarvegur og Vífilsstaðavegar fagnar bæjarráð sérstaklega tillögum um fjárveitingu til þess verkefnis en á álagstímum getur umferð um gatnamótin verið mjög þung og biðtími óásættanlegur.

Af hálfu Garðabæjar er lögð áhersla á að framkvæmdir við gatnamótin verði í samræmi við áform í aðalskipulagi bæjarins þar sem gert er ráð fyrir mislægum gatnamótum. Í samstarfi við Vegagerðina hefur Garðabær unnið að lausnum á gerð gatnamótanna og liggur fyrir frumhönnun að mislægum gatnamótum sem geta verið liður í l. áfanga þeirrar framkvæmdar að Hafnarfjarðarvegur liggji í stökk í gegnum bæinn.

Virðingarfyllst

  
Gunnar Einarsson,  
bæjarstjóri